

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 12. júní 2018
UST201805-385/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Stólalyfta í Hlíðarfjalli. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða uppsetningu stólalyftu sem verður um 1160 m að lengd og mun ná nokkuð ofar í fjallið en núverandi lyftur. Reist verða hús við báða enda lyftunnar auch þess sem nauðsynlegt verður að reisa snjóflóðavörn ofan við efra lyftuhúsið. Ráðgert er aðsnjóflóðavörnin verði fleygur úr vírakössum um 6 m á hæð og fylltur með grjóti, sambærilegur fleygur er ofan við sorpbrennslunna Funa á Ísafirði. Fyrirhugað er að taka efni í fleyginn úr hlíðinni ofan við endamastur lyftunnar.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði mannvirkjagerð ofan núverandi skíðasvæðis og koma þá helst til sjónraen áhrif vegna snjóflóðavarnar og endamasturs lyftunnar. Að öðru leyti er lyftan svæði sem nýtt hefur verið um árabil til skíðaiðkunar og kemur þar til viðbótar öðrum svipuðum mannvirkjum.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort unnt sé að velja yfirborðsefni í ytrabyrði fleygsins til að fella hann betur að umhverfinu. Einnig ætti að leggja áherslu á að fella efnistökusvæðið ofan við snjóflóðavörmina að hlíðinni á nýjan leik og gæta þess að taka efni ekki of djúpt í skriðuna sem torveldað getur frágang.

Að teknu tiliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri